



Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða reyndan lögfræðing í starf yfirlögfræðings. Leitað er eftir öflugum einstaklingi með mikla reynslu og hæfni til að leysa úr flóknum lögfræðilegum álitaefnum auk þess að búa yfir leiðtogaþæfni. Yfirlögfræðingur stýrir sviði yfirlögfræðings, situr í framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra. Verkefni á sviði yfirlögfræðings lúta að starfsemi FME, verkefnum tengdum stjórnáhræðingum og öðrum verkefnum á sviði opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Starfssvið:

- Stýra sviði yfirlögfræðings
- Þátttaka í stefnumótun og mótun framtíðarsýnar stofnunarinnar
- Þátttaka í mótun löggjafar á fjármálamarkaði og löggjafar sem FME starfar eftir
- Umsjón með beitingu valdheimilda
- Ritun stjórnvaldsákvarðana
- Lögfræðileg ráðgjöf til stjórnar, forstjóra og stoðsviða auk ráðgjafar til annarra sviða stofnunarinnar
- Umsjón með fundum stjórnar og eftirfylgni stjórnarfunda
- Samskipti við innlend og erlend stjórnvöld, þ.m.t. eftirlitsstofnanir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Að minnsta kosti 7-10 ára starfsreynsla æskileg
- Stjórnunarreynsla og hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af stjórnáhræðingum
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Sjálfstæði og fagmennska í vinnubrögðum
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi og undir miklu álagi

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankar, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóðir, rekstrar- og váttryggingafélög, kauphöll o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is.

Umsjón með starfinu hafa Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. september nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.